

Föstudaginn 2. maí 1969.

Nr. 111/1968. Útver h/f

(Sveinn Snorrason hrl.)

gegn

Bryngeiri Vattnes

(Árni Gunnlaugsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson og prófessorarnir Magnús P. Torfason og Theodor B. Lindal.

Kaupgjaldsmál. Sjóveðréttur. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Skúli Thorarensen, fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði, hefur framkvæmt hið áfrýjaða fjárnám.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 6. júní 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt þannig, að honum verði einungis dæmt að greiða stefnda kr. 38.285.05 með 8% ársvöxtum frá 25. október 1966 til greiðsludags. Með framhaldsstefnu 5. júlí 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag, áfrýjaði áfrýjandi til Hæstaréttar fjárnámsgerð, framkvæmdri í fógetadómi Hafnarfjarðar 16. marz 1968 til tryggingar hinum áfrýjaða dómi. Krefst áfrýjandi þess, að fjárnámið verði úr gildi fellt. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó þannig, að einungis verði dæmdir 8% ársvextir. Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Samkvæmt gögnum málsins var stefndi stýrimaður á skipi áfrýjanda, v/s Margréti, SI 4, á árinu 1965. Hinn 18. desember 1965 kom skipið til Reykjavíkur, og telur áfrýjandi, að þá hafi verið ráð fyrir því gert, að skipið færi til viðgerðar. Af því varð þó ekki, og var skipinu haldið á veiðar 7. janúar 1966. Hinn 24. janúar 1966 kom skipið af veiðum

og var nú til viðgerðar í höfn til 9. marz s. á., en þann dag var því aftur haldið á veiðar. Stefndi var stýrimaður á skipinu til 2. ágúst 1966, er hann hætti störfum þar með samkomulagi.

Í samningi samtaka útgerðarmanna og samtaka yfirmanna á fiskiskipum frá 29. desember 1963 um kjör skipstjóra og stýrimanna á síldveiðum, en aðiljar eru sammála um, að ákvæði þess samnings gildi um skipti þeirra, þau, sem hér er um fjallað, segir í 4. gr., að útgerðarmaður tryggi skipstjórum og stýrimönnum mánaðarlegar greiðslur upp í hundraðshluta afla þeirra. Þá segir, að tryggingartímabil á síldveiðum skuli vera þrjú, „frá 1. marz til 31. maí, frá 1. júní til 30. september og frá 1. október til febrúarloka“. Ákvæði samnings þessa verður að leggja til grundvallar uppgjöri á skiptum aðilja í máli þessu. Ósannað er, að stefndi hafi verið löglega skráður úr skiprúmi eftir 1. október 1965 og þar til hann hætti störfum á skipinu 2. ágúst 1966. Ber því að miða uppgjör á launum stefnda við þrjú tímabil, frá 1. október 1965 til 28. febrúar 1966, frá 1. marz 1966 til 31. maí s. á. og frá 1. júní 1966 til 2. ágúst 1966, er stefndi fór úr skiprúmi. Samkvæmt gögnum málsins nam verðmæti aflahlutar stefnda á hverjum hinna þriggja tryggingartímabila, sem hér um ræðir, mun hærri fjárhæð en kauptrygging hefði numið. Var því rétt að leggja verðmæti aflahlutar stefnda til grundvallar uppgjöri aðilja. Samkvæmt gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt og aðiljar eru sammála um, að séu tölulega rétt, nam inneign stefnda þannig reiknuð kr. 36.376.01 hinn 2. ágúst 1966, og er þá ekki litið til þess, að stefndi starfaði hjá öðrum aðilja dagana 26. febrúar til 3. marz 1966. Áfrýjandi hefur hins vegar gert þá kröfu hér fyrir dómi, að skuld hans við stefnda verði talin nema kr. 38.285.05. Verður sú fjárhæð því tekin til greina með 8% ársvöxtum, svo sem aðiljar eru sammála um, og er rétt, að vextir reiknist frá 10. ágúst 1966 til greiðsludags. Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda í málskostnað í héraði kr. 10.000.00, en málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Samkvæmt 2. tl. 216. gr. laga nr. 66/1963 á stefndi sjóveðrétt í v/s Margréti, SI 4, til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum.

Staðfesta ber hina áfrýjuðu fjárnámsgerð fyrir dæmdum fjárhæðum, en að öðru leyti er hún úr gildi felld.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Útver h/f, greiði stefnda, Bryngeiri Vattnes, kr. 38.285.05 með 8% ársvöxtum frá 10. ágúst 1966 til greiðsludags og kr. 10.000.00 í málskostnað í héraði, en málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Stefndi á sjóveðrétt í v/s Margréti, SI 4, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest fyrir hinum dæmdu fjárhæðum, en er að öðru leyti felld úr gildi.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Hafnarfjarðar 27. desember 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. desember 1967, hefur Bryngeir Vattnes stýrimaður, Nýbýlavegi 23 í Kópavogi, höfðað á hendur Útveri h/f, Siglufirði, með framlagningu skjala í dóm hinn 29. nóvember 1966, þar sem umboðsmaður stefnda var mættur til að svara til saka. Skriflegt samkomulag um varnarþing var lagt fram við þingfestingu málsins.

Dómkröfur stefnanda eru endanlega þær, að stefnda verði gert að greiða honum kr. 60.970.08 með 1% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 10. ágúst 1966 til greiðsludags og málskostnað.

Auk þess er krafizt viðurkenningar á sjóveðrétti í m/s Margréti, SI 4, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.

Af hálfu stefnda er þess krafizt, að honum verði aðeins gert að greiða kr. 38.285.05 með 6% ársvöxtum frá 1. desember 1966 til greiðsludags og að málskostnaður falli niður. Til vara er þess krafizt, að málskostnaður verði aðeins reiknaður af kr. 38.285.05.

Málsatvik.

7. janúar 1966 réðst stefnandi sem 2. stýrimaður á m/s Margréti,

SI 4. Eigandi og útgerðarmaður skipsins var stefndi. Með samkomulagi aðiljanna var ráðningarsamningi slitið 3. ágúst 1966. Af hálfu stefnda er viðurkennt, að stefnandi eigi ógreidd laun að fjárhæð kr. 38.285.05.

Ekki var lögskráð á skipið. Hins vegar var að sögn stefnanda fært í skipshafnarskrá um borð. Kveður hann skipverja hafa ritað nöfn sín undir bókunina. 6. janúar sendi Kjartan Friðbjarnarson, framkvæmdastjóri stefnda, lögskráningarstjóranum á Siglufirði bréf með upplýsingum um þá menn, sem ráðnir höfðu verið í skiprúm. 12. janúar 1966 sendi hann lögskráningarstjóra skeyti um, að skipið hefði hafið veiðar 7. janúar. Í byrjun maímánaðar sendi framkvæmdastjórinn nafnalista á tilkynningar-eyðublaði fyrir breytingar á skipshöfn, undirritaðan af honum sjálfum. Segir þar, að skipshöfnin, og þar á meðal stefnandi, hafi verið afskráð 25. janúar 1966 og komið aftur í skiprúm 9. marz sama ár. 25. janúar lagðist skipið að bryggju í Hafnarfirði og var þar til viðgerðar, þar til það hélt aftur á veiðar 9. marz sama ár. Hefur því verið haldið fram af hálfu stefnda, að skipsmenn hafi verið í orlofi á þessum tíma. Stefnandi hefur komið fyrir réttinn og gefið aðiljaskýrslu. Kveður hann skipstjóra hafa sagt, að skipverjar yrðu skráðir áfram. Hann kveður ekki hafa verið nefnt, að skipverjar færu í orlof. 26. febrúar til 3. marz var stefnandi skráður skipverji á m/b Fróðakletti. Kveðst hann hafa fengið leyfi hjá skipstjóranum til að fara í þá veiðiferð. Hann kveðst hafa unnið sér inn um kr. 16.000.00 í ferðinni.

Hin umdeilda krafa er til launa fyrir tímabilið frá 25. janúar til 9. marz 1966 og sundurliðast þannig:

Kauptrygging frá 24. 1. 1966 til 9. 3. 1966:

24. 1. 1966—1. 3. 1966, kr. 459.27 á dag í 35 daga ..	kr. 16.074.45
1. 3. 1966—9. 3. 1966, kr. 463.66 á dag í 9 daga . . .	— 4.172.94

Kaup samkv. samningi L.Í.Ú. frá 24. 1.—9. 3. 1966:

24. 1.—1. 3. 1966, kr. 18.03 á dag í 35 daga	— 631.05
1. 3.—9. 3. 1966, kr. 18.33 á dag í 9 daga	— 164.97
Orlof 7%	— 1.473.04
Sjúkrasaml. frá 24. 1.—9. 3. 1966	— 168.58

Kr. 22.685.03

Á tímabilinu frá 7. janúar til 24. janúar var afli það rýr, að ekki veiddist upp í tryggingu. Hins vegar er stefnanda reiknaður

aflahlutur fyrir tímabilið frá 9. marz til 31. maí í uppgjöri stefnda. Málsástæður.

Af stefnanda hálfu er byggt á því, að stefnandi hafi verið skráður á skipið allan þann tíma, sem skipið var til viðgerðar, og bundinn af ráðningarsamningi við skipið. Er á því byggt, að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni, sem útgerðarmaður beri ábyrgð á, við það, að skipinu varð ekki haldið til veiða. Beri honum því kauptrygging fyrir þetta tímabil. Með hliðsjón af dómi Hæstaréttar í XXXVII. bindi dómasafns á bls. 69 er því haldið fram, að ekki beri að draga frá kröfu hans þá fjárhæð, sem hann vann sér inn í veiðiferð með m/s Fróðakletti 26. febrúar til 3. marz. Ef krafa hans ætti að lækka af þeim sökum, kæmi ekki til greina, að frádráttur yrði hærri en sem næmi launum fyrir tímabilið.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefnandi hafi verið skráður úr skiprúmi 25. janúar og hafi hann verið í orlofi á þeim tíma, sem skipið var til viðgerðar, stefnandi hafi sjálfur samþykkt hið afbrigðilega skráningarform og ekki hreyft athugasemdum við því fyrr en við lögsókn. Er aðiljaskýrslu stefnanda mótmælt, að því leyti sem hún fer í bága við þessar staðhæfingar, og einnig því, að stefnandi hafi fengið leyfi skipstjóra til að fara til veiða með m/s Fróðakletti 26. febrúar, enda hafi þess ekki þurft við.

Ef niðurstaða dóms yrði hins vegar sú, að stefnandi ætti rétt til launa þann tíma, sem skipið var í viðgerð, er því haldið fram, að ekki megi skipta því sama tryggingartímabili þannig niður, að af fyrri hluta þess greiðist aflatrygging, þ. e. 7. janúar til 9. marz, en fyrir síðari hlutann aflahlutur 9. marz til 31. maí. Er því haldið fram, að miðað við allt tímabilið mundi afli ekki hrökkva fyrir tryggingu, en laun stefnanda hins vegar vera nokkru hærri en samanlagður aflahlutur og trygging samkvæmt uppgjöri stefnda. Er því og haldið fram, að draga beri þá frá kröfu stefnanda þá fjárhæð, sem hann sannanlega vann sér inn á tímabilinu. Þau sjónarmið, sem koma fram í framangreindum dómi Hæstaréttar, eru ekki talin eiga við, þar sem þar hafi verið um að ræða fyrirvaralausar uppsögn án saka. Þess vegna er því haldið fram, að ef rétturinn sé þeirrar skoðunar, að stefnanda beri laun fyrir tímabilið frá 24. janúar til 9. marz, beri að vísa kröfu stefnanda frá, þar sem reikningsgrundvöllur hennar sé rangur.

Varðandi vaxtakröfu er því haldið fram, að stefnandi hafi ekki átt rétt á uppgjöri fyrr en í desember og að ekki sé venja, að greiddir séu hærri vextir en 6%.

Álit réttarins.

Stefnandi var í skiprúmi á skipi stefnda, þegar það var tekið til viðgerðar í Hafnarfjarðarhöfn 25. janúar 1966. Hann var þá ekki lögskráður úr skiprúmi. Samkvæmt 4. grein síldveiðisamnings frá 29. desember 1963, sem gildi um lögskipti aðiljanna, bar útgerðarmönnum að tryggja stefnanda mánaðarlegar greiðslur upp í hundraðshluta afla frá lögskráningardegi til afskráningardags með mánaðarkaupi, kr. 10.725.00, með vísitöluálagi frá 1. desember til 1. marz 1966, sbr. 28. gr. kjarasamnings, kr. 13.688.00, og frá 1. marz 1966, kr. 13.901.00. Þykir stefnandi ekki í þessu efni eiga að bera hallann af því, að ekki hafði verið lögskráð á skipið, enda hvíldi skráningarskyldan á skipstjóra og útgerðarmanni. Samkvæmt d-lið 2. gr. samningsins bar stefnanda fast mánaðarkaup, kr. 425.00, með vísitöluálagi til 1. marz 1966, kr. 541.00, og frá 1. marz 1966, kr. 550.00. Samkvæmt 24. gr. samningsins og lögum nr. 68/1964 ber að greiða sem orlofsfé 7 af hundraði af öllum launum. Samkvæmt sömu grein ber að greiða sjúkrasamlagsgjöld fyrir skipstjóra og stýrimenn, „meðan þeir eru lögskráðir á skipið“.

Stefnandi var lögskráður á annað skip á tímabilinu frá 26. febrúar til 3. marz. Þykir það ekki samrýmast kjarasamningi, að stefnandi þiggi laun af stefnda þann tíma, enda var hann á þeim tíma ekki reiðubúinn til að gegna starfsskyldum sínum við stefnda.

Meðan skipið lá í höfn, var einskis afla að vænta. Í samningi aðiljanna felst skylda til að halda skipinu úti til veiða. Efndabrestur varð á þeirri skyldu af atvikum, sem varða útgerðarmann. Með hliðsjón af því, hversu viðgerðin dróst á langinn, þykir því ekki rétt að jafna aflaverðmætinu yfir allt tímabilið frá 7. janúar til 31. maí, eins og haldið er fram af hálfu stefnda. Reikningsgrundvöllur stefnanda, sem byggist á uppgjöri stefnda, verður því að teljast eðlilegur, eins og á stendur.

Samkvæmt framansögðu ber stefnda að greiða stefnanda eins og hér segir:

Kauptrygging	kr. 17.487.60
Kaup	— 686.94
Orlofsfé	— 1.272.22
Sjúkrasamlagsgjald	145.60
	Alls kr. 19.592.36
Óumþrættar eftirstöðvar launa	— 38.285.05
	Samtals kr. 57.877.41

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 58/1960, sbr. lög nr. 71/1965, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands 20. maí 1965 ber stefnda að greiða stefnanda 1% mánaðarvexti frá eindaga skuldarinnar. Samkvæmt gögnum málsins voru kr. 45.844.97 af kröfunni þegar eindagaðar við lok fyrra tryggingartímabils, 31. maí. Þykir því krafa stefnanda um, að dráttarvextir reiknist frá 10. ágúst, hófleg, og verður á hana fallizt.

Málskostnaður ákveðst kr. 13.600.00.

Tildæmdar kröfur njóta sjóveðréttar samkvæmt 2. tl. 216. gr. siglingalaganna nr. 66/1963.

Steingrímur Gautur Kristjánsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Þorsteini Einarssyni skipstjóra og Árna Sigurðssyni hafnsögumanni.

Dómsorð:

Stefndi, Útver h/f, greiði stefnanda, Bryngeiri Vattnes, kr. 57.877.41 ásamt 1% mánaðarvöxtum frá 10. ágúst 1966 til greiðsludags og kr. 13.600.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Sjóveðréttur viðurkennist í m/s Margréti, SI 4, fyrir til-dæmdum fjárhæðum.

Fjárnámgerð fógetadóms Hafnarfjarðar 16. marz 1968.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Guðni Guðnason héraðsdómslögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 57.877.41 með 1% vöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 10. ágúst 1966 til greiðsludags, kr. 100.00 kostnaði af endurriti og birtingu dóms, kr. 13.600.00 málskostnaði samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í., kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli, sem á þennan bát, er ekki viðstaddur. Fyrir hann mætir Hjalti Björnsson, sem starfar hér.

Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt kröfu gerðarbeiðanda.

Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign/eignarhluta gerðarþola, m/b Margrét, SI 4, sjóveði kröfunnar.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir mættum að skýra gerðarþola frá gerð þessari.

Upplesið, staðfest.

Gerðinni, sem að nokkru reyndist árangurslaus, lokið.

Föstudaginn 2. maí 1969.

Nr. 112/1968. Útver h/f

(Sveinn Snorrason hrl.)

gegn

Jónasi Sigurðssyni

(Árni Gunnlaugsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson og prófessorarnir Magnús P. Torfason og Theódór B. Línal.

Kaupgjaldsmál. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. júní 1968. Krefst hann þess, að sér verði aðeins gert að greiða stefnda kr. 17.948.91 með 8% ársvöxtum frá 15. september 1966 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem í héraðsdómi greinir, var stefndi í skiprúmi á skipi áfrýjanda, m/s Margréti, SI 4, þegar skipið var tekið til viðgerðar í Hafnarfirði hinn 24. janúar 1966. Hann hafði verið skipverji fyrir áramót, en hóf aftur störf 7. janúar. Að lokinni viðgerð hélt skipið veiðum áfram hinn 9. marz s. á. Í máli þessu er einungis ágreiningur um kaup stefnda þetta tímabil. Krefst hann lágmarkskaups, kauptryggingarfjár, á þessu tímabili, en síðan kaups samkvæmt hlutaskiptum afla til loka tryggingartímabilsins, 15. maí 1966.

Áfrýjandi reisir kröfu sína á því, að stefndi hafi fallizt á